

84

7. gr.

24. júní

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varða sektum alt að 200 kr. og fer með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

**Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.**

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*

85

24. júní

## Gjaldskrá

### um vatnsskatt í Sauðárkrókshreppi.

1. gr.

Af öllum húsum í hreppnum skal vatnsskatt greiða, nema húsum þeim, er standa á svonefndri »Eyri« yzt í kaптúninu, og innangarðs á bóndabýlinu Sauðá. Vatnsskattur skal álagður eftir skattvirðingarverði, þar sem til er. Þau hús, sem ei eru svo mikils virði, að skattskyld sjeu, virðir hreppsnefndin til vatnsskatts.

2. gr.

Í vatnsskatt árlega skal greiða af húsum öllum á vatnsveitusvæðinu, sem ei eru meira en 14000 króna virði, sem hjer segir:

1.  $5\frac{1}{2}\%$  af virðingarverði:

- a) í íbúðarhúsum, þar sem eru 3 íbúðir eða fleiri,
- b) í sjúkrahúsum,
- c) í gistihúsum,
- d) í sláturhúsum,
- e) í peningshúsum.

2.  $5\%$  af virðingarverði í íbúðarhúsum, þar sem eru 2 íbúðir.

3.  $4\frac{1}{2}$  ‰ af virðingarverði:

- a) í íbúðarhúsum með 1 íbúð,
- b) í sölubúðum,
- c) í verkstæðum.

## 4. 4 ‰ af virðingarverði:

- a) í húsum, sem eingöngu eru notuð til vörugeymslu,
- b) í samkomuhúsum,
- c) í smiðjum,
- d) öllum öðrum húsum, sem eigi geta heimfærst undir einhvern hinna nefndu flokka.

Hús yfir 14000 kr. virði flokkast á sama hátt, en af þeim greiðist 1 ‰ minni vatnsskattur árlega en af húsum með minna virðingarverði.

Heimilt er hreppsnefnd að lækka vatnsskatt, eftir því sem kringumstæður leyfa.

## 3. gr.

Af sláturhúsum og öðrum húsum, er vatn kynnu að nota til annars en venjulegra starfa, vegna atvinnu, greiðist aukagjald, 2 ‰ af virðingarverði. Auk hins ákveðna gjalds greiði húseigandi 6 krónur fyrir hvert vatnssalerni. Fyrir vatnshana, sem settir eru upp í þeim tilgangi að vökva garða og ræktunarsvæði, skal greiða gjald, sem svarar 4 krónum fyrir 500 □ metra garðs eða ræktunarsvæðis eða minna, og 2 krónur fyrir hverja 500 □ metra, sem fram yfir er, eða hlutfallslega fyrir brot úr þeim.

Fyrir sjerhvern annan vatnshana utan húss, skal eigandi greiða 4 krónur árlega.

## 4. gr.

Fyrir vatn, sem tekið er til notkunar á skipum, skal greiða 75 aura fyrir hverja smálest; minsta gjald er þó 2 krónur.

## 5. gr.

Vatnsskattur miðast við fardagaárið, og skal gjalddagi hans vera 15. júlí ár hvert fyrir það fardagaár, sem þá stendur yfir. Skattur þessi hefir lögtaksrjett. Hinn 1. maí 1913 má þó heimta vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir tímabilið frá 1. septbr. 1912, er vatnsleiðslunni var lokið til fardaga 1913, og telst tímabil þetta, að því er til vatnsskatts kemur, eitt misseri.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 22. október 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júní 1913.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson,*